

Nefndasvið Alþingis,
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 13. febrúar 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts frá efnahags- og viðskiptanefnd dags. 25. janúar sl. þar sem óskað var umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar, 436. mál. Megintilgangur með lagasetningunni er að færa ákvæði XIII. kafla gildandi umferðarlaga, nr. 50/1987, yfir í sérstaka löggjöf um ökutækjatrýggingar.

Vísað er til umsagnar SA til fjármála- og efnahagsráðuneytisins um frumvarpið frá 25. september 2018. Samtökin vilja áréttta þau sjónarmið er þar koma fram um mikilvægi þess að setja á fót svokallað vantryggingargjald á óvátryggð ökutæki. Í greinargerðinni með frumvarpinu segir að ekki hafi verið lögð til ákvæði um vantryggingargjald í þessu frumvarpi en það sé til skoðunar í ráðuneytinu að fela starfshópi að fara yfir og greina nánar hvort fýsilegt sé að taka upp sérstakt vantryggingargjald hér á landi. SA leggja áherslu á sú vinna fari fram og að ákvæði þess efnis verði sett inn í lög.

Eins og málum er háttað eru það Alþjóðlegar bifreiðatrýggingar á Íslandi (ABÍ) sem ábyrgjast og gera upp tjón af völdum óvátryggðra ökutækja í umferð. Þau vátryggingarfélög sem bjóða upp á ábyrgðatrýggingar eru aðilar að ABÍ. Þegar ökutæki í umferð er ekki lengur með lögboðna ökutækjatrýggingu þarf að tilkynna það til Samgöngustofu en síðan er það undir lögreglustjóra komið að sjá til þess að skráningarkerki séu tekin af bifreiðinni.

Núverandi kerfi er óskilvirkt og þungt í vöfum. Annars staðar á Norðurlöndum hefur verið byggt á einkaréttarlegri ábyrgð ökutækja. Í því felst að verði vanskil á iðgjaldi ökutækjatrýggingar ber eiganda ökutækis, innan tiltekins frests, að greiða vantryggingargjald sem er þá hækkað iðgjald. Vantryggingargjaldið, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, nýtur lögveðsréttar í ökutækinu og er ætlað að koma til móts við þann kostnað sem kann að hljótask af óvátryggðum ökutækjum í umferð.

Það er því tímabært að komið sé á slíku gjaldi hér á landi. ABÍ myndi sjá um að innheimta gjaldið sem yrði nýtt til greiðslu bóta vegna tjóna sem óvátryggð ökutæki í umferð valda auk þess sem það yrði notað til að mæta rekstri ABÍ. Samtökin taka undir tillögu SFF um að eftirfarandi ákvæði verði bætt inn í frumvarpið:

Falli ábyrgðatrýgging skráningarskylds vélknúins ökutækis samkvæmt 8. gr. niður, og hvorki er tekin ný sams konar vátrygging né er ökutækið afskráð, skulu Alþjóðlegar bifreiðatrýggingar á Íslandi sf. innheimta vantryggingargjald fyrir tímabilið sem vátryggingin er ekki í gildi. Ábyrgð á greiðslu gjaldsins ber sá sem vátryggingarskyldan hvílir á samkvæmt 1. mgr. 10. gr. Vantryggingargjald skal vera hæsta ársiðgjald hverrar

tegundar ökutækja, skv. iðgjaldaskrá aðildarfélaga Alþjóðlegra bifreiðatrygginga á Íslandi, að viðbættu 10% álagi. Fjármálaeftirlitið skal ákveða og birta vantryggingargjald einstakra tegunda ökutækja árlega. Vantryggingargjald, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði sem hlýst af innheimtu þess, nýtur lögveðsréttar í ökutækinu. Á grundvelli slíks lögveðs má krefjast nauðungarsölu á ökutæki án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms. Vantryggingargjald nýtur einnig lögtaksréttar hjá þeim sem ábyrgð ber á greiðslu gjaldsins skv. 1. mgr.

Vantryggingargjaldi skal varið til greiðslu á kostnaði við innheimtu þess og, eftir því sem til hrekkur, til greiðslu bóta fyrir tjón sem Alþjóðlegum bifreiðatryggingum á Íslandi sf. er gert að bæta sbr. 2. mgr. 15. gr. og þeirra reglna sem þar er vísað til.

Virðingarfyllt,
F.h. Samtaka atvinnulífsins



Heiðrún Björk Gísladóttir